

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, nr. 132/1971.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til plöntulyfja, örgresisefna, stýriefna og útrýmingarefna til nota í landbúnaði og til útrýmingar meindýra.

Plöntulyf eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til varnar gegn siúkdómum eða skemmdum í lifandi plöntum eða plöntuhlutum af völdum sýkla (bakteríur, sveppir, veirur o. s. frv.), skordýra, lindýra eða annarra smádýra.

Örgresisefni eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að deyða plöntur, draga úr vexti þeirra eða hefta hann.

Stýriefni eru efni og efnasamsetningar, sem sérstaklega eru ætluð til þess að stýra vexti nytjaplantna eða hluta þeirra (hraða eða seinka vexti) eða til að draga úr öndun og spírur plantna eða plöntuhluta í geymslu.

Útrýmingarefni eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að verja uppskorinn jarðargróður eða aðrar fæðutegundir skemmdum af völdum sýkla (bakteríur, sveppir, veirur o. s. frv.), skordýra, lindýra, nagdýra eða annarra dýra með heitt eða kalt blóð, er neyta uppskorins jarðargróðurs eða annarra fæðutegunda sér til lífs og tímgunar og meindýr teljast. Útrýmingarefni eru enn fremur efni og efnasamsetningar, sem notuð eru til þess að evða hvers konar meindýrum á víðavangi, í hífólum manna, peningshúsum, húsbúnaði, farartækjum, vöruskemmum o. s. frv. Til útrýmingarefna teljast einnig aflífunarefni, en það eru efni, sem sérstaklega eru ætluð til þess að aflífa húsdýr og nytjadýr.

Fara skal með efni þessi sem eiturefni eða hættuleg efni (sbr. 1. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Átt er við framangreind efni, þegar að neðan er rætt um efni og efnasamsetningar án frekari skýrgreiningar.

Efni, sem notuð eru til þess að varna skemmdum í triáviði svo sem málning og lakk, tjara, hik og fúavarnarefni eru ekki talin útrýmingarefni. Efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að varna óbrifum (lús, flær o. s. frv.) á húsdýrum og nytjadýrum skulu teljast útrýmingarefni, ef þau eru ekki talin í gildandi lyfjaskrá, sérlyfjaskrá og öðrum hliðstæðum heimildum, sbr. næstu málsgrein.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til lyfja (mannalyf, dýralyf), sem greind eru í lyfjaskrá, sérlyfjaskrá og öðrum hliðstæðum heimildaritum, enda hótt þau megi einnig nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni, ef þau eru látin úti samkvæmt ákvæðum gildandi lyfjalaga (sbr. reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja).

Nú er vafamál, hvort ákvæði reglugerðar þessarar gilda um tiltekin efni eða efnasamsetningar, og sker ráðherra þá úr að fenginni umsögn eiturefnaneftdar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, sbr. einnig lög um breyting á þeim lögum nr. 19/1981 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. nóvember 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.